



Reykjavík, 2. maí 2021
SFS2018120034
209. fundur
HG/sv

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn frá skóla- og frístundaráðsfulltrúum Sjálfstæðisflokksins um málefni Fossvogsskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 13. apríl 2021 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um áætlanir varðandi málefni Fossvogsskóla. Hvaða áform eru um viðgerðir á mygluvandamálum í Fossvogsskóla? Hafa áætlanir verið gerðar og tímasettar? Sömuleiðis er óskað upplýsinga um hvort gerðar hafa verið aðrar áætlanir um skólahald fyrir nemendur í Fossvogsskóla, gangi áform um viðgerðir ekki eftir. Og þá í hverju þær áætlanir felast. Munu þær áætlanir verða kynntar starfsfólki, nemendum og foreldrum þeirra um leið og þær liggja fyrir?

Svar:

Viðgerðir og endurbætur á Fossvogsskóla hafa staðið yfir í tæp tvö ár. Allan þann tíma hefur allt kapp verið lagt á að lagfæra þær skemmdir sem voru á húsnæðinu og hafa verið gerðar meiriháttar endurbætur sem hafa þegar kostað í 600 milljónir króna. Þegar enn komu í ljós ágallar sem þurfti að bregðast við eftir að nemendur fundu fyrir myglueinkennum. Þá var tekin ákvörðun um að flytja starfsemi Fossvogsskóla í húsnæði Korpuskóla fram til vors 2021 til að tryggja velferð og öryggi barna og starfsfólks. Nú er unnið að frekari greiningarvinnu á Fossvogsskóla og er áætlað að þeirri vinnu ljúki í byrjun maí 2021. Tillögur að frekari aðgerðum í húsnæðinu verða unnar á grundvelli þeirrar greiningar. Ekki er ljóst á þessu stigi hvert umfang þeirra aðgerða verður.

Skóla- og frístundasvið hefur komið á samvinnu við barnaspítala Hringisins um að sinna þeim börnum sérstaklega sem hafa fundið fyrir einkennum vegna myglu í húsnæðinu auk þess sem starfsmaður SFS hefur sinnt tengslum við foreldra og liðsinnt þeim og stutt við eftir megni. Í kjölfarið var unnið að því í samstarfi við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að tryggja hjúkrunarfræðing inn í skólann, en slík þjónusta hefur ekki verið síðan um síðustu áramót. Starfsemi skólans verður ekki flutt aftur í Fossvogsskóla fyrr en húsnæðið hefur fengið fullgilt heilbrigðisvottorð.